

Móahverfi

Götuheiti samþykkt á fundi skipulagsráðs 10. ágúst 2022

Tillaga Landslags að útfærslu - 16. ágúst 2022 - **TILLAGA 1**

Skipulagsráð hefur ákveðið hvaða heiti verða notuð á 22 nýjar götur í Móahverfi. Undirritaður sem aðalhönnuður deiliskipulags Móahverfis var beðinn af skipulagssviði að koma með tillögu að niðurröðun gatnaheita á götur í hverfinu.

Þau 22 heiti sem skipulagsráð samþykkti eru með ýmsum upphafstöfum en nokkur heiti hafa þó sama upphafstaf: B-mói(3), H-mói(4), L-mói(5) og S-mói(5). Þau 5 heiti sem útaf standa eru með 5 mismunandi upphafstaf.

Borið hefur á gagnrýni á gatnaheitum í Naustahverfi og Hagahverfi að erfitt sé að rata um hverfin þar sem ekkert fyrirkomulag er á gatnaheitum, s.s. hverfishlutar með sama upphafstaf eða stafrófsröð gatna.

Skipta má Móahverfi í 4 hverfishluta og lagt er til að allar götur innan hvers hverfishluta hafi sama upphafstaf. Slíkt fyrirkomulag í hluta Giljahverfis og þykir vel heppnað.

Hverfishlutar Móahverfis eru með mismargar götur eða 7, 7, 4 og 3 auk þess sem safngatan sem fengið hefur nafnið Langimói liggur í gegnum hverfið. Lagt er til að götur í hverfinu fái upphafsstaf í samræmi við flest þau nöfn sem þegar hafa verið valin og verða hverfishlutar því með upphafsstafina B-mói, H-mói, L-mói og S-mói. Vegna þess er aðeins hægt að nota 16 af þeim 22 nöfnum sem þegar hafa verið valin og því er gerð tillaga um 6 ný nöfn.

Hér að neðan má sjá tillögu að nöfnum innan hvers hverfishluta en tillögur að viðbótarnöfnum eru rauðmerktar. Þá má sjá hvaða nöfn falla út samkvæmt þessari tillögu.

S-móar (7)	H-móar (7)	B-móar (4)	L-móar (4)	Nöfn sem falla út
Strýtumói	Hagamói	Bergmói	Langimói	Daggarmói
Sunnumói	Heiðarmói	Berjamói	Lautarmói	Ljósímói
Súlumói	Hlíðarmói	Blómamói	Lyngmói	Fjólumói
Stjörnumói	Hrísmói	Borgarmói	Lækjarmói	Gullmói
Silfurmói	Háímói	(innakstursgata frá Borgarbraut)		Kjarrmói
Skuggamói	Holtamói			Mýrarmói
Skýjamói	Höfðamói			

Eins og áður sagði er samkvæmt þessari tillögu gert ráð fyrir að allar götur innan hvers hverfishluta fái sama upphafsstaf en þó er safngatan Langimói með sama upphafsstaf og einn hverfishlutinn, en það er sá hverfishluti sem mun byggjast fyrst upp auk þess sem hverfishlutinn liggur beggja megin Langamóa ofan gatnamóta við Borgarbraut.

